

áður en ungmenni hefja störf og í hvert sinn sem verulegar breytingar eru gerðar á starfs-skilyrðum. Sýni matið að öryggi, líkamlegri eða andlegri heilsu eða þroska ungmennis geti verið stofnað í hættu skal atvinnurekandi sjá til þess að reglulega fari fram viðeigandi skoð-un og eftirlit með heilsu ungmennanna þeim að kostnaðarlausu.

12. gr.

Við lögin bætist ný grein, 63. gr. f, er orðast svo:

Ráðherra skal að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins setja nánari reglur um leyfisveitingar skv. a-lið 2. mgr. 60. gr., heimild til að ráða börn 14 ára og eldri til vinnu sem er hluti af fræðilegu eða verklegu námsfyrirkomulagi skv. b-lið 2. mgr. 60. gr., hvað teljist störf af léttara tagi og við hvaða skilyrði þau skuli unnin skv. c-lið 2. mgr. 60. gr., skilyrði og takmörk vegna frávika skv. 3. mgr. 63. gr., frávik skv. 2. og 3. mgr. 63. gr. a og 2.–4. mgr. 63. gr. b og um framkvæmd 62. gr., 63. gr. c og 63. gr. e.

13. gr.

Lög þessi taka gildi 1. október 1997.

Gjört á Bessastöðum, 22. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Páll Pétursson.

LÖG

**um breytingu á lögum um erfðafjárskatt,
nr. 83/1984, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. mgr. 4. gr. laganna bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Þá getur félagsmála-ráðherra ákveðið að sömu reglur gildi um annars konar sambúðarform ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, svo sem varanleg örorka, alvarleg veikindi eða aðrar sambærilegar aðstæður. Með annars konar sambúðarformi er átt við að sameiginlegt heimilishald hafi átt sér stað um langan tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 22. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Páll Pétursson.